

Sp.

31. Tillaga til þingsályktunar

[17. mál]

um undirbúning löggjafar um ríkisábyrgðir.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ríkisábyrgðir, þar sem sett verði almenn skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgða og samræmdar þær mismunandi reglur, sem um þetta efni hafa gilt. Enn fremur verði kannaðar orsakir sívaxandi vanskila á ríkisábyrgðarlánunum og tillögur gerðar um úrbætur.

Greinargerð.

Í árslok 1956 höfðu samkvæmt ríkisreikningi verið veittar ríkisábyrgðir fyrir lánunum, er samtals námu tæpum 870 millj. kr. Á hverju þingi eru veittar heimildir til ríkisábyrgða fyrir háum fjárhæðum, og enn fremur eru í mörgum sérlægum almennar heimildir til ríkisábyrgða.

Um veitingu ríkisábyrgða gilda mjög mismunandi reglur. Yfirleitt ákveður Alþingi hverju sinni upphæð þá, sem ábyrgð má ná til, en oftast er ríkisstjórninni fengið vald til þess að setja önnur þau skilyrði fyrir ábyrgðinni, sem hún telur við eiga hverju sinni.

Ekki er með tillögu þessari ætlað til þess, að ríkisstjórninni verði veitt almennt vald til þess að veita ríkisábyrgðir. Ákvörðun um það, hvort ábyrgð skuli veitt eða ekki, verður að vera í hendi Alþingis. Hins vegar er að því stefnt, að settar verði almennar reglur um þau skilyrði, sem uppfylla verði til þess að fá ríkisábyrgð, svo sem um ábyrgðarhlutfall, tryggingar og ráðstafanir í sambandi við vanskil, þannig að sem líkastar reglur gildi um allar ríkisábyrgðir. Er í því sambandi einnig nauðsynlegt að taka til athugunar þau sérlæg, sem hafa að geyma ákvæði um ríkisábyrgðir.

Segja má sem svo, að sérstök lög um ríkisábyrgðir hafi litla þýðingu, því að Alþingi geti hverju sinni ákveðið frávik frá þeim reglum, sem þar eru settar. Þetta er að vissu leyti rétt, en reynslan er samt sú, að þegar menn hafa komið sér saman um almennar reglur, þá er ógjarnan vikið frá þeim.

Þörfin á endurskoðun ríkisábyrgðanna í heild verður æ brýnni fyrir þá sök, að útgjöld ríkissjóðs vegna vanskila á ríkisábyrgðarlánunum vaxa ár frá ári. Er í fjárlagafrv. fyrir 1959 gert ráð fyrir 10 millj. kr. útgjaldaaukningu ríkissjóðs af þessum sökum. Virðist því full ástæða til að ihuga, hvort hægt sé að koma þessum málum í betra horf. Í því sambandi er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir orsökum vanskilanna í einstökum tilfellum og reyna að finna viðunandi úrræði til þess að koma í veg fyrir sívaxandi vanskil. Er sú hlið málsins að verulegu leyti tengd því vandamáli, hversu auðið sé að bæta fjárhag sveitarfélaganna.